

Greining ársreikninga

**Laugardagur 2. febrúar 2008
kl. 9:00-13:00.**

Próf í B-hluta verðbréfavíðskipta

Leyfileg hjálpargögn:

Vasareiknivél af einfaldri gerð.

Sérprentað blað með kennitölum sem er meðfylgjandi

Vinsamlegast vandið til framsetningar og frágangs

Verkefni 1 (67 mín. 28%) - Krossasurningar

Merkið við eitt rétt svar með því að draga hring utan um viðkomandi bókstaf. Nota skal 360 daga á ári þar sem það á við.

1. Innheimtutími krafna hjá Robba ehf. var 45 dagar á árinu 2007. Meðalstaða krafna var kr. 1.850.000. Sala ársins var því kr. :

- a) 11.800.000
- b) 3.700.000
- c) 8.325.000
- d) 13.800.000
- e) Ekkert af ofangreindu

2. Endurskoðandi Himnafestinganna ehf. telur að reikningsskilin fyrir árið 2007 hjá Lúsíu ehf. séu í megin atriðum annmarkalaus, en símadaman hætti þann 1. febrúar 2008. Líklegast er að áritun endurskoðandans verði :

- a) Fyrirvaralaus áritun
- b) Áritun með fyrirvara
- c) Áritun án álits
- d) Neikvætt álit

3. Í ársbyrjun námu eignir Venusar ehf. kr. 1.967.001 og eigið fé var neikvætt um kr. 2.672.099. Á árinu lækkuðu skuldir um kr. 498.205 og eigið fé hækkaði um kr. 209.701. Hverjar voru eignir Venusar ehf. í árslok :

- a) 1.678.497
- b) 288.504
- c) 4.140.895
- d) 2.462.398
- e) Ekkert af ofangreindu

4. Hvaða kennitala veitir upplýsingar um nýtingu fjármagns hjá fyrirtæki ?

- a) Veltufjárlutfall
- b) Lausafjárlutfall
- c) Biðtími birgða
- d) Eiginfjárlutfall

5. Hver eftirfarandi fullyrðinga er **röng** ? Dæmi um skammtímaskuld er :
- a) Yfirdráttarlán
 - b) Fyrirfram innheimtar tekjur
 - c) Ógreiddur lífeyrissjóður
 - d) Skuld fjármálastjóra fyrirtækisins vegna vöruúttektar hans
 - e) Ekkert af ofangreindu
6. Hagnaður ársins hjá Jóa ehf. var kr. 800.000 og markaðsgengi á sama tíma 20 á hvern hlut og V/H hlutfallið var 10. Hlutfé Jóa ehf. var því kr. :
- a) 80.000
 - b) 1.600.000
 - c) 400.000
 - d) 200.000
 - e) Ekkert af ofangreindu
7. Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna segja ávallt til um verðmæti þeirra :
- a) Rétt
 - b) Rangt
8. Brattur ehf. keypti hlutabréf í Glitni hf. árið 2006 fyrir kr. 1.200.000. Árið 2007 voru þessi hlutabréf seld fyrir kr. 2.000.000. Einu hlutabréfakaup félagsins (fyrir utan þessi) á árunum 2007-2009 voru kaup á bréfum í Landsbankanum fyrir kr. 400.000. Séu heimildir skattalaga nýttar til hins ítrasta þá verður skattgreiðsla félagsins vegna ofangreindra viðskipta :
- a) Kr. 104.000 þann 1. nóvember 2010
 - b) Kr. 72.000 þann 1. nóvember 2010
 - c) Kr. 72.000 þann 1. nóvember 2009
 - d) Kr. 72.000 þann 1. nóvember 2008
 - e) Enginn skattur
9. Það sem **ekki** getur haft áhrif á óráðstafað eigið fé hjá hlutafélagi er :
- a) Hagnaður / tap
 - b) Greiddur arður
 - c) Breyting á kröfu á eigendur félagsins
 - d) Hækkun hlutafjár
 - e) Ekkert af ofangreindu

10. Eiginfjárlutfall Hafs ehf. var 55% þann 31. desember 2007. Langtímaskuldir á sama tíma voru kr. 850.000 og heildareignir kr. 2.700.000. Hverjar voru skammtímaskuldir Hafs ehf. á sama tíma ?
- a) 365.000
 - b) 1.850.000
 - c) 467.500
 - d) 816.750
 - e) Ekkert af ofangreindu
11. Innra virði Hemptu ehf. var 4 þann 31.12.2007 og markaðsvirði félagsins á sama tíma var kr. 1.200.000 og hlutfé kr. 100.000. Hvert var eigið fé félagsins þann 31.12.2007 ?
- a) 4.800.000
 - b) 300.000
 - c) 400.000
 - d) 1.200.000
12. Samstæðureikningsskil : A ehf. má kalla B ehf. dótturfélag sitt þegar :
- a) Eignarhlutur A ehf. í B ehf. er 50%
 - b) B ehf. hefur leyft A ehf. að kaupa nýtt hlutfé í B ehf. sem nemur a.m.k. helmingi þess hlutfjár sem fyrir var í B ehf.
 - c) A ehf. hefur öðlast meirihluta stjórnar í B ehf.
 - d) Meirihluti stjórnar í B ehf. nennir ekki lengur að sinna sínum störfum.
13. Fjármálastjóri Krafts ehf. var forviðaður er hann skoðaði drög ársreiknings félagsins fyrir árið 2007. Honum fannst álagningin sem fram kom í rekstrarreikningi félagsins mun hærri en hann bjóst við. Hugsanleg skýring á því gæti verið :
- a) Salan var vantalin
 - b) Birgðir vanmetnar í lok reikningsárs
 - c) Birgðir ofmentar í upphafi reikningsárs
 - d) Vörukaup vanfærð
14. Veltuhraði eigna hjá Kassa ehf. var 0,58 árið 2007 en hjá Kubbi ehf. var það 0,43. Velta beggja félaga var kr. 100.000.000. Þetta bendir til þess að :
- a) Eignir Kassa ehf. séu meiri en hjá Kubbi ehf.
 - b) Það er ódýrara að reka Kubbi ehf. heldur en Kassa ehf.
 - c) Nýting eigna er betri hjá Kassa ehf. heldur en Kubbi ehf.
 - d) Kassi ehf. þarf að segja upp starfsfólki.

Verkefni 2 (53 mín. 22%) - Textaspurningar

Leitað er eftir stuttum og hnitmiðuðum svörum. Hafið í huga þau tímamörk sem hverri spurningu eru sett.

a) 3%

Nefnið 3 atriði sem lögum samkvæmt skulu koma fram í skýrslu stjórnar í ársreikningi.

b) 4%

Fjallið stuttlega um eiginfjárhlutfall fyrirtækja og kosti þess og galla að það sé of hátt.

c) 3%

Jöfnunarreglan er ein af meginreglum reikningshaldsins. Útskýrið hana og nefnið 1 dæmi um notkun hennar.

d) 3%

Hvernig verður tekjuskattsskuldbinding til?

e) 4%

Útskýrið hugtakið rekstrarhæfi og einnig hvernig það getur haft áhrif á mat eigna í efnahagsreikningi og nefnið 2 atriði sem ógnað geta því.

f) 4%

Hvernig er skattlagningu arðstekna og söluhagnaðar hlutabréfa háttað hjá einkahlutafélögum?

g) 1%

Í rekstrarreikningi eru nokkrar millisummur. Ein þeirra er oft kölluð EBIDTA í daglegu tali og kjósa sum fyriræki að sýna þessa millisummu sérstaklega. Í rekstrarreikningi er hún þó ekki kölluð EBITDA. Hvað er hún kölluð í rekstrarreikningi?

Verkefni 3 (36 mín 15%)

Þú ert framkvæmdastjóri hjá stóru fjárfestingafélagi. Nýbúið er að ráða nýjan starfsmann hjá félaginu og hans fyrsta verkefni var að útbúa áætlun vegna fyrirhugaðra kaupa á stóru verslunarfyrirtæki. Áætlunina á svo að leggja fyrir bankann til að fá lán fyrir kaupunum. Þar sem nýji starfsmaðurinn er ekki reyndur á þessu sviði þá þarf að fara vel yfir áætlunina til að koma í veg fyrir að bankinn hafni henni sökum þess að hún virki ósannfærandi. Áætlunin er á næsta síðu og sýnir rauntölur fyrir 2006 og 2007 og áætlun fyrir 2008-2011. Verkefni þitt er að koma auga á a.m.k. 5 atriði sem hætta er á að bankinn myndi setja út á.

	2006	2007	Áætlun 2008	Áætlun 2009	Áætlun 2010	Áætlun 2011
Sala	1.230	1.325	1.391	1.530	1.760	2.112
Kostnaðarverð seldra vara	-1.000	-1.070	-1.150	-1.210	-1.280	-1.450
Álagning	230	255	241	320	480	662
Aðrar rekstrartekjur	50	60	65	65	70	70
Sölu og markaðskostnaður	-150	-160	-150	-160	-155	-160
Stjórnunarkostnaður	-70	-80	-80	-80	-80	-80
Afskriftir	-60	-63	-63	-63	-63	-63
Hagnaður fyrir vexti	0	12	13	82	252	429
Vaxtagjöld nettó	-60	-65	-65	-60	-50	-50
Hagnaður fyrir skatta	-60	-53	-52	22	202	379
Tekjuskattur	11	10	9	-4	-32	-45
Hagnaður ársins	-49	-43	-42	18	170	333

Verkefni 4 (12 mín. 5%)

Eigið fé Skika ehf. þann 1. janúar 2007 var kr. 100.000. Þann 1. mars var hlutafé aukið um kr. 50.000. Þann 1. júní var greiddur út arður að fjárhæð kr. 30.000. Þann 1. nóvember var hlutafé aukið um kr. 40.000. Hvert var eigið fé í árslok? Hver var meðalstaða eigin fjár á árinu 2007? Gerum ráð fyrir að hagnaður ársins hafi verið kr. 15.000, hver var þá arðsemi eigin fjár á árinu?

Verkefni 5 (72 mín. 30%)

Áskell Jónsson var einu sinni mjög ríkur maður, en undanfarna mánuði hefur hann þurft að selja eignir vegna óhagstæðrar þróunar á hlutabréfamörkuðum. Hann hefur fengið mörg veðköll og nú er svo komið að hann á aðeins hlut í tveimur fyrirtækjum (í svipaðri atvinnugrein) og neyðist til að selja annað þeirra til að geta staðið við skuldbindingar sínar. Hann biður þig að leggja mat á það með hjálp kennitölugreiningar og ráðleggja honum hvort fyrirtækjanna hann ætti að selja. Upplýsingar um rekstur og efnahag félaganna er á næstu síðu.

Verkefni þitt er :

- a) Reikna út fyrir bæði félögin kennitölurnar (miðið útreikninga við árið 2007) (20%)
 - i. Eiginfjárlutfall
 - ii. Veltufjárlutfall
 - iii. Biðtíma birgða
 - iv. Innheimtutíma krafna
 - v. Veltuhraði eigna
 - vi. EBITDA
 - vii. Arðsemi eigin fjár
 - viii. EBITDA margfaldarann
 - ix. V/H hlutfall
 - x. Q-Hlutfall
- b) Mæla með sölu á öðru fyrirtækinu út frá greiningunni í a-lið og hugsanlega fleiri liðum. Rökstyðjið þann kost sem þið veljið. (10%)

Rekstrarreikningur 2007 (milljónir króna)

	Lyfið	Heilsan
Sala	3.150	2.974
Kostnaðarverð seldra vara	(1.580)	(1.287)
Rekstrargjöld, önnur en afskriftir	(750)	(742)
Afskriftir	(180)	(280)
Vextir	(80)	(85)
Skattar	(101)	(104)
Hagnaður (tap) ársins	<u>459</u>	<u>476</u>

Efnahagsreikningur 31/12 2007 og 31/12 2006 (milljónir króna)

	Lyfið		Heilsan	
	31/12 07	31/12 06	31/12 07	31/12 06
Eignir				
Fastafjármunir:				
Fasteign	940	990	800	700
Vélar og tæki	440	260	690	800
Bifreiðar	<u>110</u>	<u>50</u>	<u>70</u>	<u>80</u>
	1.490	1.300	1.560	1.580
Veltufjármunir:				
Birgðir	280	180	140	180
Viðskiptakröfur	250	190	130	160
Handbært fé	<u>121</u>	<u>40</u>	<u>260</u>	<u>30</u>
	651	410	530	370
Eignir samtals	<u>2.141</u>	<u>1.710</u>	<u>2.090</u>	<u>1.950</u>
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé:				
Hlutfé	80	80	60	60
Annað eigið fé	<u>989</u>	<u>530</u>	<u>806</u>	<u>330</u>
	1.069	610	866	390
Skuldir:				
Langtímaskuldir	910	990	1.140	1.250
Næsta árs afborganir	<u>(220)</u>	<u>(220)</u>	<u>(110)</u>	<u>(110)</u>
	690	770	1.030	1.140
Ýmsar skammtímaskuldir	162	110	84	310
Næsta árs afborganir	<u>220</u>	<u>220</u>	<u>110</u>	<u>110</u>
	382	330	194	420
Skuldir samtals	1.072	1.100	1.224	1.560
Eigið fé og skuldir samtals	<u>2.141</u>	<u>1.710</u>	<u>2.090</u>	<u>1.950</u>
Markaðsverð í árslok	70	80	80	90

